

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

# STARFSLEYFI

## Fiskvinnslan Hrefna ehf

031191-3199

Til að starfrækja *litla fiskvinnslu*  
***Fastanúmer fasteigna: 2221837001***

Heimilisfang:  
Oddavegur 9  
425 Flateyri

Nafn rekstraraðilar: Hrefna E. Valdimarsdóttir

Kennitala rekstraraðila: 0311913199

**Útgáfudagur: 28. maí 2020**

**Gildir til: 28. maí 2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir fiskvinnslu.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 12, , 415 Bolungarvík, s. 456-7087, hevf.is

Bolungarvík 2.06 2020

Fiskvinnslan Hrefna ehf  
Hrefna Erlinda Valdimarsdóttir  
Unnarstígur 8  
425 Flateyri

## Starfsleyfi fyrir Fiskvinnsluna Hrefnu ehf fyrir fiskvinnslu

Á fundi sínum þann 28. maí fjallaði heilbrigðisnefnd Vestfjarða um starfsleyfi fyrir Hrefnu fiskvinnslu ehf, Oddavegi 9, 425 Flateyri. Starfsleyfið gildir til 28.maí 2032. Í samræmi við gjaldskrá fyrir matvæla- heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfsvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá 1. mars 2019 nr. 254 er árlegt eftirlitsgjald kr 28.428 miðað við eftirlitsheimsókn árlega.

Starfsleyfisgjald er kr 21.321 Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.b. og lögum um matvæli nr. 93/1995, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018.. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim.

Samkvæmt 66. grein laga nr 7/1998 má kæra ákvörðun heilbrigðisnefndar um útgáfu starfsleyfis til fullnaðarúrskurðar umhverfisráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Virðingarfyllt



Anton Helgason  
Heilbrigðisfulltrúi